

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN



ÁRNI ÍSAKSSON

Rannsóknir á Kálfá 1973

I

Reykjavík

1973

Rafmagnsveiði í Kálfá

I. Inngangur

Þann 17. marz var farið og rafveitt í Kálfá í Gnúpverjahreppi. Kálfá er ein af þverám Þjórsár og rennur í hana skammt fyrir neðan Búðafoss.

Reynt var að veiða á fjórum stöðum (sjá meðfylgjandi kort).

1. Skammt fyrir neðan Minni Mässtaði
2. Við Nónstein
3. Ofan við Kötur
4. Við Réttarhyl

Vegna undangenginnar úrkomu var áin a.m.k. fimmföld miðað við meðalrennsli að mati kunnugra. Hún var einnig það skuluð að víða sá ekki til botns. Það var því tæknilega ómögulegt að veiða ána með það í huga að fá hugmynd um magn seiða í ánni. Þessi rannsókn sýnir því fyrst og fremst hvaða tegundir eru í ánni og hvað vöxturinn hefur verið samkvæmt hreisturlesningu.

Samkvæmt upplýsingum frá Karlström (1972) finnst urriði oft í straumhraða undir 0.1 metra á sekúndu og alltaf undir 0.5 m/sek. Þeir finnast oftast í kringum stærri steina. Aftur á móti heldur laxinn sig yfirleitt í straum, sem er yfir 0.5m/sek og alltaf yfir 0.1 m/sek. Hann finnst að jafnaði við smærri steina heldur en urriðinn.

Þegar þetta er haft til hliðsjónar er greinilegt að þau svæði, sem veiðanleg voru með rafmagni þennan dag hafa hafa fyrst og fremst hýst urriða. Þau svæði, sem laxinn hélt sig á voru svo skuluð að ekki sá í botn og réði því eingöngu aðdráttar-afl rafskautsins því hvort fiskar komu í háfinn.

II. Niðurstöður

Tafla 1 sýnir veiðina eins og hún kom fyrir að viðbættun lesnum og áætluðum aldri.

Tafla 1.

Veiðistaður	Lax lengd mm	aldur	Urriði lengd mm	aldur
Minni-	84	2+ ^x	67	1+ ^x
Másstaðir	105	3+ ^x	160	3+ ^x
	47	1+	63	1+
	47	1+	64	1+ ^x
Ofan við Kötflur	50	1+	71	1+ ^x
	52	1+ ^x	73	1+ ^x
	54	1+	76	1+ ^x
	59	1+	82	1+ ^x
	91	2+ ^x		
	46	1+	48	1+
	49	1+	53	1+
Nónsteinn	50	1+	58	1+
	53	1+		
Réttarhylur			2 urriðar ca 60	1+

^x hreistur lesið

Meðallengd eins árs laxaseiðanna var 50 mm, en lengd jafngamalla urriðaseiða 65 mm. Þessi vöxtur verður að teljast nokkuð góður t.d. miðað við þær rannsóknir sem framkvæmdar hafa verið í Dalsá í Hrunamannahreppi og Andakílsá í Borgarfirði, en þar voru meðallengdir laxaseiðanna um 45 mm s.l. haust en síðan hafa þau ekki vaxið mjög mikið.

Urriðaseiðin vaxa greinilega mun hraðar heldur en laxaseiðin, enda fer mikil orka í það hjá laxaseiðunum að halda sig í straumnum.

Hlutföllin milli tegundanna^m eru samkvæmt veiðinni nákvæmlega 50% af hvorri tegund. Eins og áður er getið var þessi veiði að verulegu leyti hlutdræg fyrir urriða, sem heldur sig á aðgengilegri stöðum. Það má því ætla að hlutföllin af urriða séu mun lægri e.t.v. 20-25%, einkum ef rennsliseinkenni árinna eru höfð í huga en hún virðist vera nokkuð straumpung.

Eins árs laxaseiði fundust ekkert uppi við Minni Músstaði, sem bendir til þess að hrygningarlax fari ekki svo neinu nemi svo langt upp eftir ánni, enda var áin heldur stórgrýtt til þess, að lax gæti með góðu móti athafnað sig á botni hennar.

Ekki er vafi á því að hinar miklu breytingar, sem verða á yfirborði árinna hafi neikvæð áhrif á laxaseiði í ánni. Hvert seiði velur sér verustað eftir straumhraða árinna og botngerð. Við sveiflur á vatnshæð verða seiðin sífellt að skipta um verustað. Af þessu hlýtt beint álag (stress) á seiðin, sem leiðir til aukinna dauðsfalla (Karlström 1972). Allar aðgerðir, sem miða að jöfnun á rennsli eru því til mikilla bóta.

Æskilegt væri að mældur væri vatnshiti í ánni eins mikið og við verður komið. Einnig ætti að fylgja lofthiti frá sama tíma og veðurlýsing.

Á sem þessa má vafalaust rækta upp með sleppingu aliseiða. Er æskilegt að setja í hana seiði, sem byrjuð eru að afla sér fæðu, ca 1 gr. að þyngd. Æskilegt er að fylgjast með árangri af slíkum ræktunarframkvæmdum og er rannsóknaráætlun meðfylgjandi.

Reykjavík 22. marz 1973

Arni Ísaksson

Áætlun um rannsóknir á framleiðslumöguleikum Kálfár í Gnúpverjahreppi.

Áætlun þessi gerir ráð fyrir því að sleppt verði aliseiðum ca 1. gr. að meðalþyngd á vatnasvæðið. Væri æskilegt að sleppa ca 2000 fyrir ofan foss og 8000 fyrir neðan foss. Hentugur sleppingatími er seinni hluti júnímánaðar.

1. Rafmagnsveiði framkvæmd á hentugum stöðum í ánni fyrir og eftir sleppingu seiðanna.

a) Rétt fyrir sleppingu

b) Í byrjun október í haust

Rafveitt verður á þremur stöðum fyrir neðan foss og einum stað fyrir ofan.

2. Dreifing laxins í ánni verður athuguð með tilliti til straums og botngerðar.

3. Allur fiskur verður lengdarmældur og hreistursýni verða tekin af hæfilegum fjölda til að meta aldursdreifingu og vöxt. Magainnihald verður einnig rannsakað í hæfilegum fjölda.

4. Rannsókn á reki árinna og botndýralífi er mjög tímafrek rannsókn og raunverulegur samanburður við aðrar ár á Íslands er ekki fyrir hendi. Mikill vafi er að slík rannsókn sé yfirleitt nauðsynleg, þar sem líffræðilegt ástand árinna kemur til með að endurspeglast í fiskframleiðslunni.

Vatnasvæði Kálfár og Tunguár

